

7. gr.

Lausaganga hrossa í landi Snæfellsbæjar er óheimil. Gangi hross laus í landi Snæfellsbæjar, er heimilt að grípa til ráðstafana skv. 6. gr. samþykktar þessarar, enda hafi eigandi hrossa ekki gert ráðstafanir til að halda þeim innan ákveðins afmarkaðs svæðis.

8. gr.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í sveitarfélaginu utan bújarða og svæða sem ekki eru ætluð til búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarstjórn ákveður slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

9. gr.

Aðilar sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í sinni umsjón búfé sem fellur undir ákvæði hennar, skulu tilkynna búfjárhald sitt til bæjarstjórnar innan tveggja mánaða frá gildistöku samþykktar þessarar. Bæjarstjórn heldur skrá yfir alla sem halda búfé. Skrá skal bæði hjón, alla aðila, félagsbústjóra og stjórnarformenn annarra félaga.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Rísi mál út af þessari samþykkt, skal farið með það að hætti opinberra mála, skv. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

11. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Snæfellsbæjar við tvær umræður, er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 217/1989 um búfjárhald í Neshreppi utan Ennis og reglugerð nr. 343/1990 um búfjárhald í Ólafsvíkurkaupstað.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. maí 2003.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um sérfræðiráð Lýðheilsustöðvar.

1. gr.

Hlutverk sérfræðiráða.

Sérfræðiráð skulu vera Lýðheilsustöð og öðrum sem starfa að forvörnum til ráðgjafar hvert á sínu sviði. Um hlutverk þeirra vísast að öðru leyti til ákvæða 6.-9. gr. laga um Lýðheilsustöð nr. 18/2003.

2. gr.

Skipun áfengis- og vímuvarnaráðs.

Heilbrigðisráðherra skipar níu menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann úr ráðinu.

3. gr.

Skipun manneldisráðs.

Heilbrigðisráðherra skipar sex menn og jafnmarga til vara til setu í manneldisráði. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

4. gr.

Skipun slysavarnaráðs.

Heilbrigðisráðherra skipar níu menn og jafnmarga til vara til setu í slysavarnaráði. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

5. gr.

Skipun tóbaksvarnaráðs.

Heilbrigðisráðherra skipar fjóra menn og jafnmarga til vara til setu í tóbaksvarnaráði. Landlæknir skal tilnefna einn fulltrúa og einn til vara.

Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 18/2003 um Lýðheilsustöð og öðlast gildi 1. júlí 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. júní 2003.

Jón Kristjánsson.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

Persónuverndar um flutning persónuupplýsinga til annarra landa.

1. gr.

Útvíkkun gildissviðs.

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu eða í eftirtöldum löndum:

1. Sviss
2. Ungverjaland
3. Kanada

Hið sama á við um vinnslu sem fram fer af hálfu fyrirtækja sem uppfylla í hvívetna skilyrði meginreglna um „örugga höfn“, sbr. leiðbeiningar í „algengum spurningum og svörum“, sem birtar hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2001/EES/51/38, bls. 335.